

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2020, fimmtudaginn 16. janúar, var haldinn 8. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.06. Fundinn sátu: Þorkell Heiðarsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Þórdís Pálsdóttir, Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir, Björgvin Björgvinsson, Hanna Björk Kristinsdóttir og Andri Valgeirsson. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Traustadóttir og Tómas Ingi Adólfsson, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um þjónustulýsingu fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Þökkum fulltrúum Strætó bs. og velferðarsviðs fyrir kynningu á fyrirhuguðu útboði vegna akstursþjónustunnar. Við fyrstu sýn virðast margar jákvæðar breytingar vera fyrirhugaðar á þjónustunni sem er gleðiefni. Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks mun leggja inn umsögn varðandi breytingarnar og þá hnökra sem kunna að vera til staðar.

Erlendur Pálsson og Þórdís Linda Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um tillögu að úthlutun fjármagns til aðgengismála.
 - Kl. 14.37 tekur Bergþór Heimir Þórðarson sæti á fundinum.
 - Kl. 14.38 víkja Þorkell Heiðarsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Þórdís Pálsdóttir af fundi.
3. Lögð eru fram svör Gæða- og eftirlitsstofnunar, dags. 9.12.2019, við fyrirspurnum notendaráðs, dags. 22.11.2019.
4. Lögð er fram umsókn Sinnum ehf., dags. 5.6.2019, um starfsleyfi vegna reksturs þjónustu við fatlað fólk.

Starfsmanni mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er falið að útbúa drög að svari við umsókninni til Gæða- og eftirlitsstofnunar.
Samþykkt.

5. Lagt er fram yfirlit frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu yfir starfsleyfisumsóknir sem borist hafa til umsagnar notendaráðs.

Starfsmanni mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er falið að útbúa drög að svörum við umsóknunum til Gæða- og eftirlitsstofnunar.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 15.18

Björgvin Björgvinsson

Andri Valgeirsson
Hanna Björk Kristinsdóttir
Bergþór Heimir Þórðarson

Ingólfur Már Magnússon
Lilja Sveinsdóttir